

“Alþjónusta athugasemdir” frá Félagi heyrnarlausra

1. Símamál heyrnarlausra á Íslandi.

Við teljum við að stjórnvöld eigi að vinna meira með okkur hvað varðar könnun, skoða, val, uppsetning, á myndsíma sem er framtíðarlausn. SMS tæki er eingöngu fyrir stutt skilaboð en ekki hægt að nota í spjall. Myndsímar geta verið gott fyrir fjarsambönd, samtöl, túlkun og fleira en þarf að koma upp slíkri á Íslandi. Einnig er spurning hver á að greiða fyrir myndsímatúlkun og hver á að sjá um rekstur slíkt sem á að vera stjórnvöld. Félag heyrnarlausra vill gjarnan vinna að myndsímamálum en stjórnvöld á að greiða götu þess, t.d. prófun á myndsímu, skoða ýmis búnað og vettvangsferðir. Félag heyrnarlausra vill hvetja ÖBÍ til að styðja við því.

Félag heyrnarlausra telur að stjórnvöld eigi að vinna meira með fjarskiptamál heyrnarlausra og svo sem fatlaðra. Félag heyrnarlausra vill að tryggja að aðgengi heyrnarlausra á símataeki verði tryggð, með kaup á myndsíma fyrir heyrnarlausra, trygginu að heyrnarlausir eigi kost á kennslu á notkun myndsíma og tryggingu fyrir rekstri myndsímatúlkun, þ.e. settur verði upp myndsímatúlkunarmiðstöð með ráðningu táknmálstúlka til að geta átt samskipti á milli heyrnarlausra og heyrandi eins og er gert víða í heiminum.

Norræni samstarfshópurinn um fjarskipti fyrir fatlaða (NFTH) hefur gefið út ýmsa bæklinga um sérlausnir fyrir fatlaða. Í lögum um fjarskipti kemur fram að allir notendur skulu eiga rétt á alþjónustu, óháð staðsetningu. Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, handvirk þjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu. Mikill hraði er í allri tækniþróun almennt og það væru alltaf að koma upp nýir og nýir möguleikar fyrir heyrnarlausra til þess að nýta sér þessa tækni, en á sama tíma úreltust eldri tæki einnig hratt og fylgjast þarf vel með að stjórnvöld vinni í símamálum heyrnarlausra.

Við höfum ekki heyrt neitt af íslenskum fulltrúum í Norrænu fjarskipta ráð fyrir fatlaðra og teljum að æskilegast að þeir vinni meira með okkur eða hagsmunarsamtökum. Einnig teljum við að þeir sem sitji í þessum ráðum eigi að hafa þekkingu á þessum málaflokki og geti þannig miðlað upplýsingum og þekkingu áfram til hagsmunaraðila. Næsti fundur verður í Reykjavík dagana 24. til 25. September 2007.

2. Vegna fréttu um fréttatilkynningu um að Síminn og Félag heyrnarlausra hefðu skrifað undir samstarfssamning um heildarfjarskiptaþjónustu. Þetta er samstarfssamningur til eins árs. Félag heyrnarlausra prófaði eina tegund myndsíma frá Bretlandi og var þetta ekki hentugur búnaður sem var of flókið. Annars hefur myndsímin ekki verið sett upp og engin kennsla farið fram. Ekki hafa félagsmenn fengið sent tilboð á þjónustu nema afslátt á SMS sendingum. Við erum að endurskoða þann samning og vonumst til að eiga gott samstarf við Símann áfram á næstu árum.

3. Félag heyrnarlausra hélt málþing um samskiptatækni síðasta haust eða 22. september 2006. Meðfylgjandi viðhengi er skýrsla frá ráðstefnunni. Á ráðstefnunni kom fram að 21 ári hafi textasímarinn fyrst komið til Íslands frá Bandaríkjunum og var það í fyrsta skipti á Íslandi að heyrnarlausir gátu haft samskipti sín á milli í gegnum síma sem var vissulega sögulegur tímamunktur í sögu heyrnarlausra. Mikill hraði væri í allri tækniþróun almennt og það væru alltaf að koma upp nýir og nýir möguleikar fyrir heyrnarlausra til þess að nýta sér þessa tækni, en á sama tíma úreltust eldri tæki einnig hratt. Heyrnarlausir vilja standa jafnfætis heyrandi í samskiptum og sú tækniþróun sem orðið hafi í gegnum tíðina

skipti heyrnarlausa miklu máli. Heyrnarlausir eiga ekki í neinum vandræðum með að eiga samskipti hvert við annað, en vandamál skapist hins vegar í samskiptum við heyrandi. Heyrnarlausir noti sms-skilaboð mikið en ekki geti allir heyrandi tekið á móti slíkum skilaboðum. Margt eldra fólk hafi til að mynda ekki tileinkað sér þá tækni. Heyrnarlausir nota mikið MSN-tækni, en vissulega ekki allir. Ef heyrnarlausir ætli að hafa samband við fyrirtæki verði þeir að nota túlk. Myndsímar voru mikið ræddir og vilja heyrnarlausir nota þá, þar sem þeim fylgja margskonar möguleikar. Það er mun fljótlegra og þægilegra fyrir heyrnarlausa að geta notað myndsíma heldur en að notast við skrifuð skilaboð sem taka umtalsvert lengri tími í framkvæmd. Heyrnarlausir binda miklar vonir við að myndsími verði framtíðarlausnin í samskiptamálum þeirra. Myndsíma er t.d. hægt að nota í venjulegum símtölum þar sem túlkur er milliliður. Í Bandaríkjunum er þessi tækni mikið notuð og myndsímatúlkamiðsstöðvar spretta þar upp eins og gorkúlur. Ef um venjulegt símtal er að ræða virkar myndsíminn þannig að túlkur er staðsettur í þjónustumiðstöð, sá aðili sem hefur myndsíma hringir bara eins og venjulega (með sjónvarp eða tölvu tengt við ADSL) í miðstöðina, talar við milliliðinn (túlkinn) á táknmáli og segir honum hvert eigi að hringja og svo hefst samtalið rétt eins og um venjulegt símtal sé um að ræða í gegnum túlkinn. Hægt er að nota myndsímamann fyrir fjartúlkun, þar sem verulegur sparnaður er í tengslum við kostnað vegna túlka, t.a.m. þurfa túlkar ekki eyða einum degi vegna ferða til Akureyrar eða Egilsstaða, en heyrnarlausi aðilinn getur notað myndsímamann á fundi sínum. Ekki er til myndsímatúlkun á Íslandi og mikill kostnaður mun fylgja því að setja þetta kerfi hér upp en spurning er hver á að veita slíka þjónustu? Félag heyrnarlausra hefur prófað eina gerð af myndsímum en þyrfti að prófa fleiri svo sem Sorensen VRS frá Bandaríkjunum sem er mjög útbreiddur þar. Þriðja kynslóð farsíma er á leiðinni. Heyrnarlausir geta nýtt sér þá tækni með einföldum og stuttum skilaboðum.

Virðingarfyllst,
F.h. Félags heyrnarlausra
Kristinn Jón Bjarnason